



## Styrktarsjóður Göngum saman 2023

### Almennar upplýsingar og leiðbeiningar vegna umsókna um vísindastyrk úr styrktarsjóði Göngum saman 2023

#### 1. Almennar upplýsingar

Stjórn Göngum saman auglýsir eftir umsóknum um styrki til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini árið 2023.

Umsókn á þar til gerðu umsóknareyðublaði ásamt fylgigögnum skal senda á netfangið [styrkir@gongumsaman.is](mailto:styrkir@gongumsaman.is) fyrir lok dags þriðjudagsins 5. september 2023.

#### 2. Hverjir geta sótt um styrk

Vísindamenn og nemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi við íslenska háskóla og rannsóknastofnanir geta sótt um styrk. Skilyrði er að verkefnið flokkist sem grunnrannsóknir á brjóstakrabbameini.

#### 3. Hvað er styrkt

Veittir eru styrkir til launa og launatengdra gjalda, efniskostnaðar og aðkeyptrar þjónustu. Ekki er veittur styrkur til tækjakaupa, til birtingar vísindagreina í opnum aðgangi né vegna ferðakostnaðar (sjá nánar lið 8).

#### 4. Mat á umsóknum.

Vísindanefnd Göngum saman hefur umsjón með mati á umsóknum. Umsóknir eru sendar til mats til ytri umsóknaraðila. Við mat á umsóknum er lögð áhersla á vísindalegt gildi verkefnisins en einnig hvernig niðurstöður verkefnisins gætu aukið þekkingu á brjóstakrabbameini og hugsanlega leitt til framfara í meðferð brjóstakrabbameins.

#### 5. Upphæð styrkja

Árið 2023 er stefnt að því að veita allt að 15 milljónum króna úr styrktarsjóði Göngum saman. Upphæð styrkja ræðst af fjölda umsókna sem berast, vísindalegs gildis verkefnanna og gæða umsókna auk reynslu umsækjanda. Hafi umsækjandi áður hlotið styrk úr styrktarsjóði Göngum saman er tekið mið af framvindu fyrri styrktra verkefna. Stjórn Göngum saman áskilur sér rétt til að ákveða skiptingu styrkja, sem og að hafna öllum umsóknum.

#### 6. Umsókn

Umsækjendur skulu fylla út umsókn á eyðublaði sem er að finna á heimasíðu Göngum saman, [www.gongumsaman.is](http://www.gongumsaman.is)

Æskilegt er að umsókn sé rituð á íslensku. Heiti verkefnis og lykilorð skulu þó vera á bæði íslensku og ensku. Aðalumsækjandi hefur yfirumsjón með verkefninu og ber ábyrgð á því gagnvart Göngum saman.

Styrkir eru veittir til allt að 12 mánaða. Mikilvægt er að umsækjendur takmarki umsókn sína við styrktímabilið.

## **7. Verkefnalýsing**

Verkefnalýsing felur í sér stutta lýsingu á verkefninu þar sem með annars kemur fram vísindalegt gildi þess, staða þekkingar á fræðasviðinu, aðferðafræði og verk- og tímaáætlun. Verkefnalýsing skal ekki vera meira en 800 orð. Heimildaskrá reiknast ekki með í 800 orða lýsingu verkefnisins. Einungis skal greina frá rannsóknáætlun á styrktímabilinu sem er að hámarki 12 mánuðir.

Sérstaklega skal rætt hvernig niðurstöður verkefnisins gætu aukið þekkingu á brjóstakrabbameini og hugsanlega leitt til framfara í meðferð brjóstakrabbameins.

## **8. Kostnaðaráætlun**

Kostnaðaráætlun skal vera raunsæ, nákvæm og vel rökstudd. Launakostnaður skal miða við laun skv. gildandi kjarasamningum fjármála- og efnahagsráðuneytis við viðkomandi stéttarfélag auk launatengdra gjalda (25%). Efniskaup skulu listuð og vel rökstudd. Styrkir vegna aðkeyprar þjónustu skulu vel rökstuddir. Ekki er veittur styrkur til tækjakaupa, birtinga vísindagreina í opnum aðgangi né ferðastyrkir.

## **9. Leyfi til rannsóknarinnar**

Umsækjendum er bent á að afla tilskilinna leyfa s.s. frá Vísindasiðnefnd, Persónuvernd og/eða Tilraunadýranefnd vegna umsóknarinnar ef við á.

## **10. Umsóknarfrestur**

Umsókn skal senda á netfangið styrkir@gongumsaman.is fyrir lok dags þriðjudagsins 5. september 2023. Ekki er tekið við umsóknum sem berast eftir umsóknarfrest.

## **11. Almenn ákvæði**

Styrkir eru veittir skv. áherslum félagsins og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Ófullnægjandi umsóknum er vísað frá.

Göngum saman getur óskað eftir frekari upplýsingum og/eða farið fram á að umsækjendur kynni verkefni sín áður en endanleg ákvörðun um styrkveitingu er tekin. Stjórn Göngum saman áskilur sér rétt til að ákveða skiptingu styrkja, sem og að hafna öllum umsóknum.

Úthlutun styrkja fer fram í október en sá mánuður er helgaður baráttunni gegn brjóstakrabbameini.